

9. Lagt fram kaupþilboð frá Karli Viðari Pálssyni kt: 140547-4419 í fasteignina Múlaveg 1 fastanr. 216-3404 að upphæð kr. 23.000.000.
Sveitarstjórn samþykkir kaupþilboðið og veitir Jóni Óskari Péturssyni, sveitarstjóra kt:190775-6079 fullt og ótakmarkað umboð til þess að undirrita hvers kyns skjöl f.h sveitarfélagsins vegna sölunnar. Arnheiður R. Almarsdóttir vék af fundi undir þessum lið.
10. Fyrir tekið erindi Markaðsstofu Norðurlands vegna Flugklasans Air 66 en erindið var áður á dagskrá sveitarstjórnar þann 25. mars 2015. Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu.
Sveitarstjórn samþykkir að styðja við markaðsstarf MN og Air 66 við að koma á reglubundu millilandaflugi til og frá Akureyri. Stuðningurinn nemur 300 kr pr íbúa og gildir árin 2015-2017 og færast af lið.
Samþykkt samhljóða.
Viðauki 2. Sveitarstjóri lagði fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun 2015 um hækkun á útgjöldum til atvinnumála lið 13-81-9490 vegna framangreindrar ákvörðunar. Útgjöldum verði mætt með lækkun á handbæru fé.
Samþykkt samhljóða.
11. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu málum sem unnið hefur verið að frá síðasta fundi sveitarstjórnar.
12. Til fundarins er mættur Þorkell Lindberg Þórarinsson frá Náttúrustofu Norðausturlands og kynnti starfsemi stofnunarinnar og svaraði fyrirspurnum. Þorkell vék af fundi að kynningu lokinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:30

*Yngvi Ragnar Kristjánsson
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir
Helgi Héðinsson
Arnheiður R. Almarsdóttir
Friðrik Jakobsson
Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri*

Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

- 1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.
- 1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.
- 1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

21. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 18. júní 2015

Afmælisbörn dagana 18. júní — 24. júní 2015

- 18. Grétar Rafn Leví Gíslason.
- 20. Hallgrímur Páll Leifsson.
- 21. Illugi Már Jónsson, Zoltán Vesztróczy,
Valgeir Guðmundsson
- 22. Margus Kæaer, Pétur Jónasson.
- 23. Auður Jónsdóttir, Dagur Sæmundsson,
Theodor Páll Theodórsson
- 24. Gunnar Rúnar Pétursson.

Skútustaðakirkjugarður

Fyrirhugað er og nauðsynlegt að endurnýja tækjakost vegna hirðingar kirkjugarðsins á Skútustöðum. Í ljósi þess að þetta er meiri fjárfesting en sóknarnefnd treystir sér í eða kr. 300 - 400.000 ákváðum við að leita á náðir sóknabarna kirkjunnar til að fjármagna verkefnið.

Óskum við eftir frjálsum framlögum og eru velviljaðir vinsamlega beðnir um að leggja inn á reikning 1110-05-410668 kt. 600269-1279 í Sparisjóðnum.

Með fyrirfram þökk og von um hlýnandi veðurfar

Sóknarnefnd Skútustaðakirkju.



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

20. fundur

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 10. júní kl. 09:15

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Helgi Héðinsson, Arnheiður R. Almarsdóttir varamaður Sigurðar G. Böðvarssonar, Friðrik Jakobsson og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð skipulagsnefndar frá 4. maí 2015.
3. Fundargerð skipulagsnefndar frá 1. júní 2015.
4. Fundargerð gróðurskoðunarnefndar frá 1. júní 2015.
5. Bréf Umhverfisstofnunar dags 20. maí 2015.
6. Bréf varasjóðs húsnæðismála dags 21. maí 2015.
7. Bréf atvinnuvegaráðuneytisins dags 20. maí 2015.
8. Tilboð um hönnun götu í Reykjahlíðarþorpi.
9. Múlavegur 1.
10. Flugklasinn Air66.
11. Skýrsla sveitarstjóra-munnleg.
12. Kynning á Náttúrustofu Norðausturlands – Þorkell Lindberg Þórarinsson.

Til kynningar:

Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra frá 15. apríl 2015.

Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra frá 6. maí 2015.

Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 29. maí 2015.

Afgreiðslur

1. Oddviti setti fund og lagði til að fundargerð skipulagsnefndar frá 4. maí 2015 yrði bætt á dagskrá undir lið 2 og jafnframt yrði erindi Flugklasans Air66 bætt á dagskrá undir lið 10. Samþykkt samhljóða.
2. Lögð fram fundargerð skipulagsnefndar frá 4. maí 2015. Fundargerðin er í fimm liðum.

Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu vegna liðar 3.

Liður 3. Svartárvirkjun í Bárðardal. Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

Sveitarstjórn samþykkir að leitað verði samþykkis Skipulagsstofnunar fyrir málsmeðferð vegna óverulegrar breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þegar samþykki landeigenda liggur fyrir, þar sem fyrirhuguð breyting hefur ekki verulega breytingu á landnotkun í för með sér og er ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði. Sveitarstjórn felur jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúa að uppfylltum fyrrgreindum skilyrðum að annast

málsmeðferð vegna aðalskipulagsbreytingarinnar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

3. Lögð fram fundargerð skipulagsnefndar frá 1. júní 2015. Fundargerðin er í tveim liðum. Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu vegna liðar 1.

Liður 1. Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar. Breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn heimilar að lokið verði við gerð deiliskipulags þéttbýlis Reykjahlíðar eins og ráðgert var í upphafi. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að samið verði við Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónsson og félaga ehf um að ljúka verkinu í samræmi við þær hugmyndir sem rætt var um á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu vegna liðar 2.

Liður 2. Svartárvirkjun í Bárðardal. Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps.

Sveitarstjórn staðfestir ákörum skipulagsnefndar um að samþykki allra landeigenda þurfi að liggja fyrir áður en leitað verði samþykkis Skipulagsstofnunar fyrir málsmeðferð vegna óverulegrar breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn felur jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúa að uppfylltum fyrrgreindum skilyrðum að annast málsmeðferð vegna aðalskipulagsbreytingarinnar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Samþykkt samhljóða.

4. Lögð fram fundar gróðurskoðunarnefndar frá 1. júní 2015. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
5. Í bréfinu er lagður fram viðauki við samning UST og Skútustaðahrepps um endurgreiðslu vegna refaveiða 2014-2016, þar sem fram kemur að endurgreiðsluhlutfall hækkar um 2%, fer úr 33% í 35%. Sveitarstjórn fagnar auknum endurgreiðslum vegna refaveiða og samþykkir framlagðan viðauka.
6. Í bréfinu er tilkynnt um lok verkefni um framlög til sveitarfélaga vegna sölu félaglegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði.
7. Í bréfinu er óskað umsagnar um drög að breytingum á reglum um staðfestingu ráðherra á gjaldskrá hitaveitna. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við drögin.
8. Lagðar fram niðurstöður verðkönnunar vegna hönnunar gatna, lagnakerfa og gerð mælibleða í þéttbýlið í Reykjahlíð. Eftirfarandi tilboð bárust:

Efla: 2.850.000.-

Mannvit: 4.473.920.-

Verkis: 4.712.000.-

Öll verð eru með vsk.

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði Efla á grundvelli lægsta boðs.